

**A 1705/kultur**

Flutningur:  
Flokkahópur jafnaðarmanna

Afgreiðsla:  
Norræna þekkingar- og  
menningarnefndin

Málsnúmer: 16-00312-2

## Þingmannatillaga um bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs

### Tillaga

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún tryggi að tilnefnd verk til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs og barna- og unglingsbókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs – eða að lágmarki þau verk sem hreppa verðlaunin – verði þýdd á öll norrænu málin og gefin út á rafrænu formi hið minnsta.

### Forsaga

Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs hafa verið veitt frá árinu 1962. Markmiðið með verðlaununum er að auka áhuga á bókmenntum og tungumálum frændþjóðanna og sameiginlegri menningu Norðurlanda.

Í yfirliti sem unnið var af norska ríkisútvarpinu (NRK) kemur fram að margar verðlaunabókanna hafa ekki komið út á öllum norrænu málunum. Einkum hafa fáar bókanna verið þýddar á tungumál fámennari norrænna málsvæða. Til að mynda hefur engin af verðlaunabókum síðustu tíu ára verið þýdd á samísku eða grænlenku.

Flokkahópur jafnaðarmanna í Norðurlandaráði telur mikilvægt að verðlaunabækur Norðurlandaráðs séu þýddar á öll hin norrænu málin og einkum þau sem töluð eru á fámennum málsvæðum, svo sem samísku, grænlenku og færeysku, tungumál sem eru norrænu samstarfi þýðingarmikil.

Úr umfjöllun NRK um efnið:

### EFNI

Málið snýst um bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs, og þá staðreynd að margar verðlaunabókanna koma ekki út á öllum norrænu málunum.

## VERKLAG

NRK fór yfir þær bækur sem hlotið hafa verðlaunin allt frá árinu 2006 og kannaði hve margar þeirra hafa verið þýddar á hin ýmsu norrænu mál (sjá meðfylgjandi skjal).

NRK kannaði einnig hve mörg *tilnefnd* verk hafa verið þýdd á norsku.

## NIÐURSTÖÐUR

1. Aðeins 35 af 118 tilnefndum verkum (sem eru ekki skrifuð á norsku) hafa verið þýdd á norsku. Það eru 29 prósent eða tæpur þriðjungur.
2. Engin verðlaunabókanna hefur verið þýdd á samísku.
3. Engin verðlaunabókanna hefur verið þýdd á grænlensku.
4. Þrileikur Jons Fosse, sem hlaut verðlaunin í fyrra, hefur ekki verið þýddur á finnsku, samísku, grænlensku eða færeysku.

Kaupmannahöfn, 31. október 2016

*Annette Lind (S)*

*Henrik Dam Kristensen (S)*

*Irene Johansen (A)*

*Johan Andersson (S)*

*Jorodd Asphjell (A)*

*Karin Gaardsted (S)*

*Knut Storberget (A)*

*Kåre Simensen (A)*

*Lars Mejern Larsson (S)*

*Lennart Axelsson (S)*

*Mogens Jensen (S)*

*Maarit Feldt-Ranta (sd)*

*Orla Hav (S)*

*Phia Andersson (S)*

*Pyry Niemi (S)*

*Rikard Larsson (S)*

*Ruth Mari Grung (A)*

*Sonja Mandt (A)*

*Suzanne Svensson (S)*

*Tony Wikström (ÅSD)*

*Ville Skinnari (sd)*

Norðurlandaráð

## A 1705/kultur

Flutningur:

Flokkahópur jafnaðarmanna

Afgreiðsla:

Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Málsnúmer: 16-00312-2